

setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarstjórn svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Snæfellsbæjar hefur sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Ólafsvík nr. 396/1976.

Félagsmálaráðuneytið, 16. ágúst 1995.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Menningarsjóð útvarpsstöðva nr. 69/1986 með áorðnum breytingum.

1. gr.

4. grein orðist svo:

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva úthlutar úr sjóðnum a.m.k. einu sinni á ári. Skal auglýst með venjulegum hætti eftir umsóknum. Stjórnin lætur gera sérstök eyðublöð fyrir umsóknir um framlög úr sjóðnum. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um áætlaðan kostnað og tímasetningar varðandi gerð eða kaup á þeirri dagskrá sem sótt er um framlög til. Að öðru leyti ákveður sjóðsstjórn og tiltekur í auglýsingu hvaða upplýsingar skulu fylgja umsókn.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 15. ágúst 1995.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.